



Greinargerð

B-hluta fyrirtækja

Við framlagningu árshlutareiknings
Reykjavíkurborgar janúar - júní 2021

Efnisyfirlit

B-hluti.....	2
Faxaflóahafnir	2
Félagsbústaðir	8
Orkuveita Reykjavíkur	13
Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs	20
SORPA bs.....	25
Strætó bs.....	30
Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki	35

B-hluti

Í eftirfarandi greinargerð er fjallað um rekstrarniðurstöðu og árangur einstakra fyrirtækja í B-hluta samstæðuuppgjörðs Reykjavíkurborgar.



Vert er að benda á að lykiltölur fyrirtækja eru ekki fullkomlega samanburðarhæfar vegna mismunandi rekstrarforma fyrirtækjanna.

Faxaflóahafnir

Faxaflóahafnir sf. (m.kr.)	Raun 2021_06	Áætlun 2021_06	Breyting	%	Raun 2020_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.854	1.599	255	15,9%	1.602	252	15,7%
Rekstrargjöld	-1.555	-1.678	122	-7,3%	-1.707	152	-8,9%
EBITDA	746	361	385	106,5%	334	411	123,0%
EBIT	298	-79	377	-477,7%	-106	404	-382,3%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	4	-2	7	-290,1%	-16	20	-127,3%
Óreglulegir liðir (tekjur)	0	0	0		270	-270	
Rekstrarniðurstaða	302	-81	384	-472,5%	149	153	102,9%

Rekstrarniðurstaða

Hagnaður fyrstu 6 mánuði ársins 2021 nam 302 m.kr. og er talsvert betri niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Til samanburðar var hagnaður 149 m.kr. fyrir sama tímabil árið 2020. Hagnaður af reglulegri starfsemi nam 298 m.kr. en tap var af reglulegri starfsemi 106 m.kr á sama tíma í fyrra.



Rekstrartekjur námu 1.854 m.kr. eða 255 m.kr. yfir áætlun sem gerði ráð fyrir 1.599 m.kr. Fyrstu 6 mánuði ársins 2020 voru tekjur 1.602 m.kr. Allir helstu tekjuliðir hafa hækkað frá sama tíma í fyrra nema aflagjöld sem eru svipuð. Fjárhagsáætlun gerði ekki ráð fyrir komu skemmtiferðaskipa árið 2021 vegna Covid-19 faraldursins og komu nánast engin skemmtiferðaskip á fyrri hluta ársins. Vörugjöld voru yfir áætlun; vöruflutningur er talsvert meiri en í fyrra, en aflagjöld voru í samræmi við áætlun. Skipagjöld og tekjur af hafnarþjónustu voru talsvert yfir áætlun þar sem skip sem koma til hafnar eru bæði fleiri og stærri en áður.

Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2021_06	Áætlun	Mism.	%	Raun 2020_06	Mism.	%
Vörugjöld	683	592	91	15,4%	544	139	25,6%
Aflagjöld	62	62	0	-0,6%	65	-3	-4,6%
Skipagjöld	202	131	71	54,6%	170	32	18,8%
Eignatekjur	530	509	21	4,1%	497	24	4,8%
Hafnarþjónusta	257	191	66	34,9%	233	26	11,2%
Siglingavernd	119	114	5	4,4%	93	1	1,1%
Aðrar tekjur	1	0	1		0	1	
	1.854	1.599	255	16,0%	1.602	252	15,7%

Skipa- og farþegagjöld og tekjur af hafnarþjónustu og siglingavernd

Nánast engin farþegaskip komu til hafnar fyrri hluta ársins. Hefur sú þróun neikvæð áhrif á tekjur af innviðagjaldflokkunum skipagjöldum og farþegagjöldum.

Skipagjöld og hafnarþjónusta skiluðu samanlagt 459 m.kr. í tekjur, sem er um 25% heildartekna, en gert var samanlagt ráð fyrir 321 m.kr. og skila þessir liðir 138 m.kr. umfram áætlun. Meginskýring þess er að skip sem koma til hafnar eru bæði fleiri og stærri.

Veruleg aukning hefur orðið á innflutningi til landsins.

Eignatekjur og aðrar tekjur

Leigutekjur af lóðum og fasteignum mynda stofn eignatekna sem eru nánast á pari við áætlun enda eru flestar eignir eru í langtímaútleigu.

Tekjur flokkaðar eftir hafnasvæðum

Þegar heildarrekstrartekjur eru skoðaðar eftir hafnasvæðum má sjá að Sundahöfn er sem fyrr tekjuhæsta hafnasvæðið, en Sundahöfn er megingátt flutninga á vörum til og frá Íslandi.


Skipting rekstrartekna 2021-H1						
Skipting rekstrartekna 2021 (m.kr.)	Gamla höfnin	Sundahöfn	Grundartangi	Akranes	Önnur svæði	Alls
Vörugjöld	70	628	71	8	0	683
Aflagjöld	44	15	0	2	0	62
Skipagjöld	56	107	31	7	1	202
Farþegagjald	0	0	0	0	0	0
Eignatekjur	193	324	10	3	0	530
Hafnarþjónusta	60	131	44	9	14	258
Siglingavernd	3	97	17	2	0	119
Aðrar tekjur	1	0	0	0	0	1
Samtals:	426	1.304	174	30	15	1.854

Farþegagjald sem hefur verið vaxandi tekjustofn hjá félaginu skilaði nánast engu á fyrrihluta þessa árs vegna farsóttarinnar.

Eignatekjur eru hæstar í Sundahöfn og aflagjöld hæst í Gömlu höfninni, enda meginhlutanum af bolfiski sem berst til hafnarinnar landað þar. Vörugjöld í Gömlu höfninni eru fyrst og fremst vegna eldsneytisinnflutnings á Eyjargarði.

Rekstrargjöld Faxaflóahafna sf. fyrstu 6 mánuði ársins 2021 voru 1.555 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 1.678 m.kr. Fyrstu 6 mánuði ársins 2020 voru rekstrargjöld 1.707 m.kr. og lækka um 9% á milli ára. Útgjöldin ráðast hins vegar ekki eingöngu af verðlagi heldur einnig sérgreindum viðhaldsverkefnum sem falla undir rekstur og geta verið mismunandi á milli ára. Rekstrargjöld eru almennt í samræmi við áætlun fyrir utan eignagjöld sem eru talsvert lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarafgangur tímabilsins er hærri en áætlun gerði ráð fyrir sökum hærri tekna og lægri gjalda af fyrrgreindum ástæðum.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður var yfir áætlun en eignagjöld voru undir áætlun, enda var dregið úr áætluðum viðhaldsframkvæmdum þegar ljóst var að COVID19 faraldurinn hefði veruleg áhrif á tekjur félagsins. Þá var hafnarþjónustan um 31 m.kr. undir áætlun. Kostnaður við siglingavernd var 8 m.kr. undir áætlun. Almennt var rekstur undir áætlun eða í samræmi við áætlun, en afskriftir eru svipaðar og í fyrra.



Gjöld eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2021_06	Áætlun	Mism.	%	Raun 2020_06	Mism.	%
Hafnavirki	273	288	-15	-5,2%	369	-96	-26,0%
Eignagjöld	176	263	-87	-33,1%	233	-57	-24,5%
Hafnarþjónusta	319	350	-31	-8,9%	366	-47	-12,8%
Skrifstofu- og stjórnunark.	221	204	17	8,3%	208	13	6,3%
Siglingavernd	118	126	-8	-6,3%	91	27	29,7%
Afskriftir	448	447	1	0,2%	440	8	1,8%
Samtals:	1.555	1.678	-123	-7%	1.707	-152	-8,9%

Launakostnaður lækkaði um 2% á milli ára.

Laun og launategd gjöld (m.kr.)	2017-H1	2018-H1	2019-H1	2020-H1	2021-H1
Bækistöð	59	72	73	89	92
Húseignir	12	12	13	14	14
Grundart hafnargæsla	18	20	22	25	33
Hafnsaga	75	85	88	101	102
Hafnarþjónusta	161	170	196	250	209
Hafnarstjórn	10	10	11	11	22
Skrifstofa	101	101	111	124	129
Samtals:	436	469	514	613	601

Þar sem Faxaflóahafnir sf. halda úti sólarhringsvakt í hafnarþjónustu og hafnargæslu á Grundartanga er launakostnaður fyrirtækisins einn meginútgjaldaliður þess. Heildarlaunakostnaður fyrri hluta ársins 2021 nam 601 m.kr. Áætlun gerði ráð fyrir 571 m.kr. og er frávikid um að ræða kostnað við afleysingar og útköll vegna álagstoppa, veikinda og vegna breytinga í starfsmannahaldi.

Stöðugildi	2017-H1	2018-H1	2019-H1	2020-H1	2021-H1
Hafnarþjónusta	32	33	33	31	31
Bækistöð	12	11	12	13	13
Tæknideild	3	4	4	4	4
Skrifstofa	12	12	12	14	14
Húseignir	2	2	2	2	2
Siglingavernd - Umhverfismál	5	5	5	5	5
Samtals:	66	67	68	69	69

Að jafnaði eru ráðnir 15 sumarstarfsmenn í Bækistöð fyrirtækisins, 1 sumarstarfsmaður á skrifstofunni og 4-5 starfsmenn eru ráðnir til afleysingar í hafnarþjónustu yfir sumarmánuðina. Heildarársverk eru metin 79. Töluverð endurnýjun hefur átt sér stað í starfsmannahaldi fyrirtækisins. Yngra fólk hefur leyst af eldri starfsmenn.


Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld Tekjur af fjármagnsliðum námu um 4,3 m.kr. Vaxtatekjur voru á áætlun en vaxtagjöld voru lægri vegna uppgreiðslu lána árið 2020. Hagnaður fyrir fjármunaliði er sem fyrr segir 298 m.kr. en að teknu tilliti til fjármunaliða og óreglulegra liða 302 m.kr.

Efnahagur


Efnahagur (m.kr.)	30.6.2021	31.12.2020	Breyting	%
Fastafjármunir	13.976	14.439	-463	-3,2%
Veltufjármunir án handb.fjár	476	437	39	8,8%
Handbært fé	1.246	565	681	120,5%
Eignir samtals	15.698	15.441	257	1,7%
Eigið fé	15.076	14.876	200	1,3%
Langtímaskuldir	0	0	0	
Næsta árs afborganir langt. skulda	0	0	0	
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	622	565	57	10,1%
Skuldir samtals	622	565	57	10,1%
Skuldir og eigið fé samtals	15.698	15.441	257	1,7%

Heildareignir námu 15.698 m.kr. og hafa hækkað frá áramótum. Þar af námu fastafjármunir 13.976 m.kr. og veltufjármunir 1.722 m.kr. Heildarskuldir námu 622 m.kr. og langtímaskuldir 0 m.kr. Eigið fé nam 15.076 m.kr.

Sjóðstreymi



Veltufé frá rekstri var 744 m.kr. Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir, sem eru framkvæmdir ársins 2021, voru 60 m.kr. en ráðgert var að þeir væru 806 m.kr. Áætlun gerði ráð fyrir dýpkun í Sundahöfn kr. 420 m.kr. en dýpkuninni var lokið árið 2020 og kostnaður reyndist langt undir áætlun. Einnig hafa verk farið seinna af stað en áætlað var s.s. Óðinsbryggja og Sægarðar 1. Greiddur var út arður til eigenda sem nam 103 m.kr. Handbært fé er 1.246 m.kr. er talsvert hærra en um síðustu áramót, en þá var handbært fé 565 m.kr.



Fjárfestingarhreyfingar


Fjárfestingar og skipting framkvæmda eftir hafnar svæðum						
(í m.kr.)	2017	2018	2019	2020	2021_06	2021Á
Gamla höfnin	224	158	107	344	13	149
Sundahöfn	564	383	478	141	14	524
Grundartangi	81	96	7	9	3	30
Akranes	24	1	2	4	6	5
Borgarnes	0	0	0	0	16	15
Annað	5	12	511	307	8	15
Samtals:	898	650	1.105	805	60	738

Fjárfestingar námu um 60 mkr. fyrstu sex mánuði ársins en áætlað er að fjárfestingar ársins verði 975 mkr. Flestar fyrirhugaðar framkvæmdir eru að fara af stað um mitt ár og verða í framkvæmd á seinni helmingi ársins. Stærstu verkefni eru endurnýjun verbúðarbryggju í Gömlu höfninni og lagning veitukerfa undir bryggjunni á Faxagarði frá nýju rafdreifikerfis- og þjónustuhúsi út í afhendingastaði skipa. Önnur minni verkefni eru einnig fyrirhuguð og/eða komin í gang t.a.m. viðgerðir á steyptri þekju á Tangabakka, lóðagerð í Sægorðum og malbikun á ýmsum svæðum hafnarinnar. Nokkur stærri verkefni eru í hönnun og undirbúningi eins og t.d. þróun Sundahafnar með m.a. mati á umhverfisáhrifum, lenging Aðalhafnargarðs á Akranesi og landtengingar á Klettasvæði og í Kleppsvík.

Ástæða fyrir þessum mikla mun á 6 mánaða áætlun og rauntölum er að mestu leyti sú að í fjárhagsáætlun, sem gerð var á fyrri hluta árs 2020, var áætlaður heildarkostnaður dýpkunar 550 milljónir og þar af áætlað að 420 milljónir yrðu greiddar á árinu 2021. Í dýpkunina fékkst mjög hagstætt tilboð frá Jan De Nul og var heildar- verktakakostnaður verksins um 110 milljónir sem allur var greiddur á árinu 2020.

Önnur ástæða mismunar áætlunar og rauntalna er sú að verk hafa farið seinna af stað en áætlað var, m.a. Óðinsbryggja, Sægarðar 1 og lagnavinna á Faxagarði sem eru samtals með áætlaðan kostnað á fyrstu 6 mánuðum um 170 milljónir en fóru ekki af stað á tilsettum tíma af ýmsum ástæðum.

Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Faxaflóahafna fyrir 6 mánaða uppgjör árin 2017-2021:

Faxaflóahafnir	2017_06	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06
Eiginfjárlutfall	90,5%	88,5%	87,2%	90,5%	96,0%
Arðsemi eigin fjár	4,8%	12,6%	5,7%	2,0%	4,1%
Veltufjárlutfall	3,05	2,82	2,48	2,05	2,77
Langtímaskuldir/eigið fé	6,2%	5,2%	4,5%	3,9%	0,0%
Uppgreiðslutími	0,62	0,54	0,47	0,83	0,00
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	42,6%	41,7%	40,8%	25,3%	40,2%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	42,9%	42,0%	41,3%	20,9%	40,2%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjörs reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Faxaflóahafna:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri Faxaflóahafna	Raun 2021_06	Áætlun 2021_06	Breyting	%	Raun 2020_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.400	1.208	193	15,9%	1.210	190	15,7%
Rekstrargjöld	-1.175	-1.268	92	-7,3%	-1.290	115	-8,9%
EBITDA	563	273	291	106,5%	253	311	123,0%
EBIT	225	-60	285	-477,7%	-80	305	-382,3%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	3	2	1	71,1%	-12	15	-127,3%
Óreglulegir liðir (tekjur)	0	0	0		204	-204	
Rekstrarniðurstaða	228	-58	286	-495,7%	113	116	102,9%

- Rekstrarniðurstaðan er 204 m.kr betri en áætlun gerði ráð fyrir.
- Hagnaður af reglulegri starfsemi (EBIT) var 298 m.kr sem er 377 m.kr. betri niðurstaða en áætlanir gerðu ráð fyrir. Bæði jukust tekjur og gjöld drógust saman.
- Kennitölur félagsins endurspeglar styrk félagsins og að það sé að ná fyrri styrk eftir niður sveiflu 2020. Eiginfjárhlutfallið er mjög sterkt og hefur félagið getu til að standa af sér mótbyr.
- Veltufjárhlutfallið er sterkt.
- Engin langtímalán eru á félaginu.

Ábendingar fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Mikilvægt er að móta eigenda- og arðgreiðslustefnu fyrir félagið.

Félagsbústaðir

Árs- og árschlutauppgjör Félagsbústaða er gert samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum IFRS í samræmi við 90. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Félagsbústaðir hf. (m.kr.)	Raun 2021_06	Áætlun 2021	Breyting	%	Raun 2020_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.504	2.485	19	0,8%	2.272	233	10,2%
Rekstrargjöld	-1.284	-1.374	90	-6,6%	-1.222	-61	5,0%
EBIT	1.221	1.111	110	9,9%	1.050	171	16,3%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-549	-572	23	-4,0%	-558	9	-1,6%
Verðbætur	-1.185	-952	-233	24,5%	-657	-528	80,4%
Matsbreyting fjárfestingaeigna	10.839	889	9.950	1119,5%	19	10.820	56946,6%
Óreglulegir liðir (tekjur)	0	0			157	-157	
Rekstrarniðurstaða	10.326	476	9.850	2068,8%	12	10.315	89531,5%

Samkvæmt 39. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga mega félög, sem eru með starfsemi á sviði fjárfestinga í fjárfestingaeignum, meta eignir og skuldbindingar sem þeim tengjast innan þessarar starfsemi til gangvirðis. Með fjárfestingaeign er átt við eign sem ætluð er til öflunar tekna, svo sem til útleigu, en ekki til notkunar í rekstri félagsins.

Rekstur

Rekstrartekjur Félagsbústaða á fyrri helming 2021 námu 2.504 m.kr. og jukust um 10,2% milli ára en hækkunina má rekja til verðlagsbreytinga og fjölgun eigna milli ára. Vísitala neysluverðs til verðtryggingar hækkaði um 2,1% á fyrri helming 2021 og hefur hækkað um 4,0% sl. 12 mánuði. Áhrif verðlags breytinga og stækkun eignasafnsins á tekjur eru mjög áþekkt á tímabilinu en 45% af aukningu tekna á tímabilinu eru vegna verðlagsbreytinga en 55% vegna stækkunar eignasafnsins.


Rekstrargjöld voru 1.284 m.kr. eða 90 m.kr. (6,6%) undir áætlun. **Rekstur fasteigna** var lítillega yfir áætlun eða sem nam 3 m.kr. meðan **Viðhald og framkvæmdir** og **Fasteigna og brunabótaiðgjöld** voru undir áætlun um 66 m.kr. og 19 m.kr. Frávik í viðhaldi og framkvæmdum skýrast að mestu að lægri kostnaði í viðhaldi sameigna en þar hafa verkefni sem gert var ráð fyrir að hæfust á fyrri helming ársins frestast, standsetningar milli leigjenda eru lítillega yfir áætlun eða um 5,4 m.kr. yfir áætlun en þær eru um 43% af gjaldfærðu viðhaldi tímabilsins eða 205,6 m.kr. Lægri vatns- og fráveitugjöld útskýra frávik frá áætlun í fasteigna og brunabótaiðgjöldum fyrir tímabilið.

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður er 265 m.kr. á tímabilinu eða 9 m.kr. undir áætlun en 6 m.kr. hærri en á sama tíma í fyrra. **Launakostnaður** hækkar um 10,9% milli tímabila vegna kjarasamningsbundinna hækkana og fjölgun stöðugilda en stöðugildi aukast um 3 milli tímabila úr 24 í 27. **Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður** er 4 m.kr. undir áætlun og lækkar um 15 m.kr. s.b.v. fyrri helming 2020. Framlag í **afskriftarreikning viðskiptakrafna** hækkar milli tímabila um 3 m.kr. en er undir áætlun sem nemur 13 m.kr. Þessi liður er mjög sveiflukennður og oftast erfitt að spá fyrir um.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2021_06	Áætlun	Mism.	%	Raun 2020_06	Mism.	%
Rekstur og viðhald eignasafns							
Rekstur fasteigna	266	263	3	1,2%	233	33	14,1%
Viðhald og framkvæmdir	474	540	-66	-12,2%	473	1	0,1%
Fasteigna og brunabótaiðgjöld	279	298	-19	-6,5%	256	22	8,8%
Rekstur og viðhald eignasafns alls	1.019	1.101	-82	-7,4%	963	56	5,8%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður							
Laun og launatengd gjöld	182	175	8	4,4%	165	18	10,9%
Annar skrifstofu og stjórnunarkostnaður	70	74	-4	-4,9%	85	-15	-17,7%
Afskrifaðar tapaðar viðskiptakröfur	12	25	-13	-50,9%	9	3	30,4%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður alls	265	273	-9	-3,1%	259	6	2,2%
Rekstrargjöld alls:	1.284	1.374	-90	-6,6%	1.222	62	5,1%

Viðhald og framkvæmdir (í m.kr.)	Raun 2021_06	Áætlun	Mism.	%	Raun 2020_06	Mism.	%
Standsetningar milli leigjenda	206	200	5	2,7%	172	34	19,5%
Viðhald íbúða í búsetu (ófyrriséð viðhald)	85	90	-5	-5,1%	92	-7	-7,1%
Viðhald sameigna	67	93	-26	-28,1%	79	-12	-15,2%
Framkvæmdagjöld húsfélaga	116	157	-25	-16,2%	131	15	11,6%
Viðhald og framkvæmdir alls:	474	540	-66	-12,2%	473	30	6,4%

Rekstrarhagnaðarhlutfall (EBIT%) er 48,7% eða 1,9% lægra en á sama tímabili á fyrra ári þegar það var 50,6%.




Efnahagur og eignasafn

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2021	31.12.2020	Breyting	%
Fastafjármunir	112.921	99.390	13.530	13,6%
Veltufjármunir án handb.fjár	498	344	155	45,1%
Handbært fé	1.052	727	325	44,6%
Eignir samtals	114.471	100.461	14.010	13,9%
Eigið fé	59.146	48.820	10.326	21,2%
Skuldbindingar	4.330	2.960	1.370	46,3%
Langtímaskuldir	49.102	46.621	2.481	5,3%
Næsta árs afborganir langt. skulda	1.133	1.067	67	6,3%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	760	994	-234	-23,6%
Skuldir og skuldbindingar samtals	55.325	51.642	3.683	7,1%
Skuldir og eigið fé samtals	114.471	100.461	14.010	13,9%

Heildareignir félagsins námu 114.471 m.kr. við lok fyrri helming 2021 en þær jukust um 13,9% frá áramótum. Fjárfestingaeignir jukust um 13,7% eða 13.533 m.kr., fjárfest var fyrir 2.203 m.kr. og matsbreyting nam 11.330 m.kr. Við útreikning á verðmæti fjárfestingareigna er reiknuð út niðurfærsla þörf eigna vegna samspils kvaða sem á eignunum hvíla um uppsagnarfrest á bæði tímabundnum og ótímabundnum leigusamningum og svo mismunar á markaðsleigu og þeirrar leigu sem Félagsbústaðir innheimta auk þess sem einnig er tekið tillit til sérhæfðra eigna sem mögulega þyrfti að breyta eða gefa afslátt af ef kæmi til sölu á almennum markaði. Þessi niðurfærsla var fyrst metin í lok árs 2020 og nam hún þá 3.084 m.kr. við endurmat á niðurfærsluþörfinni við lok fyrri helming 2021 var hún metin 3.017 m.kr. vegna þess að mismunur á markaðsleigu og leigu Félagsbústaða hefur minnkað.


Eigið fé hefur hækkað um rúmlega 10,3 milljarða frá ársbyrjun 2021 sem skýrist af matsbreytingu eigna. Eiginfjárlutfall í lok tímabils er 51,7% en var 48,6% í lok árs 2020.

Félagsbústaðir festu kaup á 54 nýjum íbúðum á fyrri helming 2021 en það er 7 íbúðum færri en áætlað var. Tvær íbúðir voru seldar á tímabilinu. Á næstu árum er áætlað að eignasafnið stækki enn frekar eða um 217 íbúðir til lok árs 2022. Þá liggja fyrir kaupréttarsamningar um 82 íbúðir sem áætlað er að verði tilbúnar til úthlutunar á árunum 2021 og 2022.




Á fyrri helming 2021 var úthlutað 258 íbúðum, ýmist til nýrra leigjenda eða vegna flutninga í aðrar félagslegar leiguíbúðir.

Tegund húsnæðis	Nýjar úthlutanir	Milli flutningar	Samtals
Almennt félagslegt leiguhúsnæði	94	65	159
Þjónustuíbúðir aldraða	28	3	31
Húsnæði fyrir fatlað fólk	23	21	44
Húsnæði fyrir heimilislaua	19	5	24
Úthlutanir samtals	164	94	258




Sjóðstreymi



Nettó ný langtímalán námu 1.924 m.kr. á tímabilinu en talan samanstendur af nýjum langtímalánnum, 2.033 m.kr., og uppgreiddum eldri langtímalánnum, 110 m.kr. Nýrra langtímalána var aflað með útgáfu í félagslega skuldabréfaflokknum FB100366 SB en hann er með einfaldri ábyrgð Reykjavíkurborgar. Félagið hefur farið í eitt skuldabréfaútböð á árinu en það var í mars og voru þá gefin út skuldabréf fyrir 2.033 m.kr. að markaðsvirði á ávöxtunarkröfunni 1,69%.

Félagið fékk greidd stofnframlög frá ríki og Reykjavíkurborg 865 m.kr.


Veltufé frá rekstri síðastliðin 5 ár:



Veltufé frá rekstri¹ sem hlutfall af tekjum hefur farið hækkandi frá árinu 2018, sökum lækkun vaxtagjalda. Hlutfallið hefur haldist stöðugt yfir 1 á fyrri helming árs frá árinu 2018. Þegar hlutfallið er yfir 1 þýðir það að veltufé frá rekstri dugi fyrir afborgunum langtímalána félagsins. Æskilegt er að þetta hlutfall sé ávallt yfir 1,0.

Fjármögnun fjárfestinga síðastliðin 5 ár:

Á síðustu árum hafa fjárfestingahreyfingar verið töluvert umfram veltufé frá rekstri og hefur bilið verið brúað með stofnframlögum og lántökum.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Félagsbústaða fyrir árin 2017-2021 skv. gangvirðisuppgjöri:

Félagsbústaðir - gangvirðisuppgjör	2017_06	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06	Markmið
Eiginfjárhlutfall	52,9%	51,9%	51,3%	49,3%	51,7%	
Arðsemi eigin fjár	46,8%	6,8%	14,7%	0,0%	42,3%	
Veltufjárhlutfall	0,38	0,07	0,51	0,94	0,82	
Vaxtaþekja (EBIT/nettó gr. vextir)	1,54	1,49	1,76	1,69	2,25	> 1,4
Skuldaþekja (EBIT/(afb. + nettó gr. vextir))	0,96	0,97	1,14	1,03	1,09	> 0,9
Uppgreiðslutími	59	61	46	52	36	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af greiddum afborg.	1,01	0,96	1,40	1,08	1,21	
Veltufé frá rekstri í hlutfalli af rekstrartekjum	16,8%	15,3%	22,0%	19,1%	27,8%	

¹ Athygli er vakin á því að veltufé frá rekstri í þessari greinargerð miðast við veltufé frá rekstri skv. hefðbundinni aðferð og þeirri aðferð er beitt fyrir öll B-hlutafélögin. Í ársreikningi Félagsbústaða er í sjóðstreymi sýnt veltufé frá rekstri án greiddra vaxta.

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:


- Jákvæða rekstrarniðurstöðu félagsins á fyrri helming 2021 og aukningu eigin fjár má rekja til hækkunar á metnu virði fasteigna félagsins vegna hækkunar fasteignaverðs. Matsbreytingar fjárfestingaeigna á tímabilinu námu 10,84 ma.kr. samanborið við 0,02 ma.kr. á sama tíma í fyrra og 3,39 ma.kr. fyrri helming ársins 2019.
- Við mat á verðmæti eigna félagsins er annars vegar stuðst við fasteignamat íbúða félagsins sem miðast við verðlag í febrúar 2021 og hins vegar er miðað við 8,4% hækkun vísitölu íbúðaverðs í fjölbýli í Reykjavík frá febrúar til júní. Í því felst sú forsenda að verðmæti eigna félagsins fylgi þessari vísitölu. Reynist raunin önnur getur það kallað á leiðréttingu á mati á eignasafni félagsins við útgáfu næsta fasteignamats.
- Hækkun fasteignaverðs hefur jákvæð áhrif á rekstrarniðurstöðu félagsins vegna matsbreytinga en segir lítið um grunnrekstur félagsins nema að ábati af hækkun fasteignaverðs verði innleystur með sölu eigna. Til að meta stöðu grunnrekstrar er eðlilegra að horfa til rekstrarhagnaðar (EBIT) sem jókst um 16,3% á milli ára, en tekjur hækkuðu um 10,2% á meðan rekstrargjöld hækkuðu um 5,0%. Tekjur félagsins fylgja vísitölu neysliverðs, sem þýðir að hækkun fasteignaverðs og byggingarkostnaðar umfram verðlag hefur neikvæð áhrif á grunnrekstur félagsins vegna aukins kostnaðar við rekstur og viðhald fasteigna og öflun nýrra eigna.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) sem hlutfall af rekstrartekjum var 48,7% en áætlun gerði ráð fyrir 44,7%. Frávikið má rekja til þess að rekstrartekjur voru 19 m.kr. (0,8%) yfir áætlun á meðan rekstrargjöld voru 90 m.kr. (6,6%) undir áætlun. Helsta skýring á lægri rekstrargjöldum er seinkun á fyrirhuguðu viðhaldi í sameignum fjölbýlishúsa í eigu Félagsbústaða og minni útgjöldum vegna framkvæmda húsfélaga auk minni vatns- og fráveitugjalda en áætlað var.
- Veltufé frá rekstri nam 695 m.kr. fyrri helming 2021 sem er nokkru hærri en afborganir lána 573 m.kr. Afborganir lána hafa hækkað um 42,3% milli ára vegna aukinnar lántöku og vegna þess að stór hluti lánanna er að eldast og afborgunarhluti að vaxa. Vaxtaþekja hækkaði í 2,25 og skuldaþekja hækkaði í 1,09 fyrri helming 2021 (1,69 og 1,03 fyrri helming 2020) og eru yfir lágmarkum sem félagið hefur sett sér þ.e. 1,4 og 0,9. Vaxtaþekja lýsir hæfi fyrirtækis til greiðslu vaxta og skuldaþekja mælir greiðsluhæfi fyrirtækis.
- Lántökur á fyrri helming ársins námu alls 2.033 m.kr. Lánin voru öll tekin með útgáfu félagslegra skuldabréfa í nafni félagsins. Jafnframt fengust 865 m.kr. greiddar í stofnframlög frá ríki og borg. Útistandandi krafa vegna ógreiddra stofnframlaga frá ríkinu stóð í 248 m.kr. við lok fyrri helming 2021.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:

- Mikilvægt er að tryggja sterkt veltufé frá rekstri til að standa undir afborgunum og stuðla þannig að sjálfbærni í rekstri. Frekari fjölgun nýrra og dýrari eigna getur aukið þrýsting á hækkun leigu.
- Mikilvægt er að félagið rýni viðhaldsþörf til næstu fimm ára og geri áfangaskipta viðhaldsáætlun til að tryggja gæði íbúða félagsins.

Orkuveita Reykjavíkur (m.kr.)	Raun 2021_06	Raun 2020_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	26.023	24.272	1.751	7,2%
Rekstrargjöld án afskrifta	-9.146	-9.879	733	-7,4%
EBITDA	16.877	14.393	2.484	17,3%
EBIT	10.222	8.109	2.113	26,1%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	2.262	-11.762	14.024	-119,2%
Tekjuskattur	-3.650	2.749	-6.399	-232,8%
Rekstrarniðurstaða	8.830	-900	9.730	-1081,4%


Rekstrarniðurstaða tímabilsins var jákvæð um 8.830 m.kr. sem er hækkun um 9.730 m.kr. milli ára. Meginskýring á hækkun afkomu er vegna breytinga á gangvirði innbyggðra afleiða sem var neikvæð um 5.737 m.kr. á árinu 2020 en er nú jákvæð um 5.462 m.kr., Tekjur aukast vegna hækkandi álverðs og aukinnar notkunar á heitu vatni auk þess hefur tekist að lækka rekstrarkostnað umtalsvert sem leiðir til þess að rekstrarhagnaður (EBITDA) hækkar um 2.484 m.kr. milli ára.



Rekstrartekjur hækka um 1.750 m.kr. eða 7,2% milli ára. Tekjuaukning skýrist einkum af auknum tekjum í sölu raforku sem tengd er álverði og auknum tekjum á sölu á heitu vatni. Breytingar í notkun á heitu vatni er að mestu leyti tengdar veðurfari.


Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2021_06	Raun 2020_06	Mism.	%
Veitur	16.357	15.756	601	3,8%
Orka náttúrunnar	7.907	7.003	904	12,9%
Önnur starfsemi	1.758	1.513	245	16,2%
	26.022	24.272	1.750	7,2%

Tekjur skiptast á þrjá starfsþætti: Orku náttúrunnar, Veitur og aðra starfsemi. Framleiðsla raforku, sala hennar og gagnaveita eru samkeppnisrekstur og nema tekjur af henni 32,5% af heildartekjum samstæðu OR.



Rekstrargjöld án afskrifta lækka um 733 m.kr. milli ára eða 7,4%. Orkukaup hækka um 127 m.kr. Laun og launatengd gjöld lækka um 4 m.kr. Annar rekstrarkostnaður lækkar um 856 m.kr. sem skýrist að mestu af lægri viðhaldskostnaði veitukerfa.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	2021	2020	Mism.	%
Orkukaup og flutningar	2.951	2.824	127	4,5%
Laun og launatengd gjöld	3.958	3.962	-4	-0,1%
Annar rekstrarkostnaður	2.237	3.093	-856	-27,7%
Samtals	9.146	9.879	-733	-7,4%



Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld (m.kr.)	Raun 2021_06	Raun 2020_06	Mism.	%
Vaxtagjöld og verðbætur	-4.232	-3.772	-459	12,2%
Gangvirðisbreytingar	4.944	-5.289	10.233	-193,5%
Gengismunur	1.815	-3.039	4.854	-159,7%
Annað	-266	337	-604	-178,8%
Samtals	2.262	-11.762	14.024	-119,2%

Vaxtagjöld og verðbætur hækka um 459 m.kr. milli ára, verðbætur lána hækka um 813 m.kr. milli ára vegna aukinnar verðbólgu en vaxtagjöld og ábyrgðagjald til eigenda lækka um 354 mkr. vegna betri vaxtakjara.

Gangvirðisbreytingar eru jákvæðar um 4.944 m.kr. samanborið við að vera neikvæðar um 5.289 mkr. sama tímabili 2020. Breytingin skýrist fyrst og fremst af hækkun á álverði sem hefur jákvæð áhrif á virði innbyggðrar afleiðu en neikvæð áhrif á áhættuvarnarsamninga.

Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2021	31.12.2020	Breyting	%
Fastafjármunir	350.042	356.110	-6.068	-1,7%
Veltufjármunir án handb.fjár, bundinna innl. og markaðsverðbr.	9.181	7.367	1.814	24,6%
Handbært fé, bundin innl. og markaðsverðbr.	35.979	30.687	5.292	17,2%
Eignir samtals	395.202	394.164	1.038	0,3%
Eigið fé	195.241	188.126	7.115	3,8%
Langtímaskuldir	172.876	175.626	-2.750	-1,6%
Næsta árs afborganir langt. skulda	14.808	19.350	-4.542	-23,5%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	12.278	11.063	1.214	11,0%
Skuldir samtals	199.961	206.038	-6.077	-2,9%
Skuldir og eigið fé samtals	395.202	394.164	1.038	0,3%

Heildareignir félagsins eru 395 ma.kr. í lok júní 2021 og hafa hækkað um 1,0 ma.kr á árinu. Fjárfest var fyrir 7,2 ma.kr. í rekstrarfjármunum. Afskrift rekstrarfjármuna nam 6,7 ma.kr. Leigugeignir í lok júní nema 2,6 ma.kr., á móti er færð leiguskuld, samtals 2,6 ma.kr.

Veltufjármunir nema samtals 45,0 ma.kr. og hækka um 7,1 ma.kr. frá áramótum.

Virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga hækkar sem nemur 5.462 m.kr. sem einkum má rekja til hækkunar á framvirkum álverðum. Uppgjör og gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga voru neikvæð um 1.304 m.kr. en þar á meðal eru álvarnarsamningar. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga er gengi, vextir, áhættuálag og tími.


Heildarskuldir félagsins eru 200 ma.kr. í lok tímabils og hafa lækkað um 6,1 ma.kr. Langtímaskuldir félagsins hafa lækkað um 2,7 ma.kr. Megin skýring lækkunar er vegna uppgreiðslu á lánum sem eigendur veittu í tengslum við PLANID og jákvæðra áhrifa af hækkun álverðs á virði innbyggðrar afleiðu. Heildarafborganir lána námu 11,7 ma.kr. og lántökur námu 10,1 m.kr. Nettóskuldir eru 133,3 ma.kr. í lok tímabils sem er 8,4 ma.kr. lækkun frá árslokum 2020.

	2021_06	2020
Vaxtaberandi skuldir 1/1	171.700	154.019
Hreyfingar með greiðsluáhrifum		
Ný lántaka	10.141	29.965
Afborganir	-11.712	-22.225
Hreyfingar án greiðsluáhrifa		
Gengismunur	-3.387	7.236
Verðbætur	1.909	2.705
Vaxtaberandi skuldir lok tímabils	168.651	171.700

Langtímaskuldir (í m.kr.)	2021_06	2020	Breyting	%
Langtímaskuldir í innlendri mynt	102.539	100.913	1.626	1,6%
Langtímaskuldir í erlendri mynt	66.112	70.788	-4.676	-6,6%
	168.651	171.701	-3.050	-1,8%

Sjóðstreymi Sjóðstreymisyfirlit gefur glögga mynd af raunverulegu peningastreymi til og frá fyrirtækinu og sýnir hvaða þættir hafa áhrif á handbært fé á tímabilinu. Myndin hér fyrir neðan sýnir breytinguna með súluriti þar sem grænar súlur sýna fjárstreymi inn í sjóð og rauðar súlur sýna fjárstreymi úr sjóði. Bláa súlan lengst til vinstri sýnir handbært fé í upphafi árs 2021 og sú sem er lengst til hægri í lok tímabils 30. júní 2021.

Bundnar innstæður og markaðsverðbréf þann 30. júní 2021 voru 11,7 ma.kr. og eru ekki taldar með handbæru fé í lok tímabils í grafinu hér að neðan.



Eignabreytingar 2021

Fjárfesting **Veitna** nam 4,3 ma.kr. á tímabilinu. Hjá hitaveitunni voru helstu fjárfestingar vegna endurnýjunar á flutningsæð hitaveitu frá Deildartunguhver að Akranesi, heimplögnum, mælakaup, djúpdælu í Bolholti, endurnýjun búnaðar í stýrishúsi á Nesjavallaræð og uppbyggingu í Helgafellslandi. Í vatnsveitunni voru helstu fjárfestingar í heimæðum, endurnýjun veitukerfa Reykjanesbraut – Rafstöðvarvegur og breikkun Vesturlandsvegur. Hjá fráveitunni voru helstu fjárfestingar fóðrun fráveitulagna, uppbygging á nýrri skólþælustöð í Naustavogi og endurnýjun á stofnlögnum. Í rafmagnsdreifingu voru helstu fjárfestingar lagning tveggja 11 kV strengja frá aðveitustöð við Barónsstíg 45 að dreifistöð við Eggertsgötu, ný aðveitustöð við Sægarða og lagning heimtauga.

Fjárfesting **Orku náttúrunnar** nam 0,9 ma.kr. Helstu verkefni Orku náttúrunnar voru endurbætur í vélarupptektum og uppsetning hleðslustöðva fyrir rafbíla. Einnig var fjárfest í nýtingu á skilju- og þéttivatni til varmaframleiðslu sem og endurnýjun á stopplokum. Á Nesjavöllum stendur einnig yfir endurnýjun á stjórnkerfum sem eru komin til ára sinna. Auk verkefna sem snúa að gasniðurdælingu og annarra endurbóta á framleiðslukerfum.

Önnur fjárfesting nam 1,9 ma.kr. Helstu fjárfestingar eru í áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis og í upplýsingakerfum.

Lánshæfismat

OR er með lánshæfismat hjá þremur matsfyrirtækjum, erlendu matsfyrirtækjunum Moody's og Fitch Ratings og íslenska matsfyrirtækinu Reitun.

Lánshæfiseinkunn OR hjá matsfyrirtækinu Reitun er i.AA3 jákvæðar horfur. Lánshæfismatið var síðast uppfært í ágúst 2018.

Matsfyrirtækið Fitch Ratings hækkaði lánshæfiseinkunn OR úr BB+ í BBB- með stöðugum horfum í apríl 2021. OR er því komið í fjárfestingaflokk hjá Fitch.

Matsfyrirtækið Moody's hækkaði lánshæfiseinkunn OR úr Ba2 jákvæðar horfur í Ba1 stöðugar horfur síðast í mars 2018. OR er **einu þrepi** frá fjárfestingarflokki hjá Moody's.

Stjórnendur OR settu sér það markmið að komast í fjárfestingaflokk hjá erlendu matsfyrirtæki og hefur því markmiði nú verið náð hjá Fitch. Að fyrirtækið sé nú komið í fjárfestingarflokk getur leitt til aukins aðgengis að fjármagni og áhættuvörnum á betri kjörum.

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** OR fyrir árin 2017-2021:

Orkuveita Reykjavíkur	2017_06	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06	Arðgreiðsluskilyrði
Eiginfjárlutfall	42,6%	47,3%	47,4%	47,2%	49,4%	≥ 40%
Arðsemi eigin fjár	12,6%	5,9%	4,1%	-0,9%	9,7%	
Veltufjárlutfall	1,1	1,1	1,1	1,2	1,7	≥ 1
Vaxtaþekja	5,7	4,6	4,6	4,3	4,5	≥ 3,5
ROCE	6,4%	6,6%	4,8%	4,2%	5,4%	
Nettó skuldir/handbært fé frá rekstri	4,7	5,7	5,0	5,6	4,6	
Handbært fé frá rekstri/Nettó skuldir	21,2%	17,4%	19,9%	17,7%	21,9%	≥ 13%

Fyrirtækið er eins og áður háð þróun ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs, en verulega bættur rekstur og áhættuvarnir styrkja fjárhagsstöðu þess sem leitt hefur til umtalsvert betri stöðu fyrirtækisins gagnvart fjármálastofnunum á síðustu árum.


Fyrirtækið hefur verið virkt á skuldabréfamarkaðinum síðan 2016 þegar stofnaður var útgáfurammi fyrir skuldabréf og víxla. Í lok árs 2018 fór OR af stað með undirbúning á grænum skuldabréfaramma, vottunaraðlilinn CICERO gaf rammanum og umgjörðinni dökkgrænan stimpil. Græn skuldabréf eru skuldabréf sem notuð eru til að fjármagna umhverfisvæn fjárfestingaverkefni. Þrýstingur hefur verið á fjárfesta að beina fjármagni á þann veg að hægt sé að ná langtímamarkmiðum á sviði umhverfis- og loftslagsmála. Á fyrstu 6 mánuðum ársins nemur fjármögnun alls 10.141 m.kr. Þar af var gefið út í nýjan óverðtryggðan flokk OR180242 GB alls 4.198 m.kr. að nafnvirði og þá gaf Gagnaveita Reykjavíkur út í flokkinn GR 010641 alls 2.300 m.kr. að nafnvirði.

Á fyrstu 6 mánuðum ársins hefur álverð farið hækkanði. Í upphafi árs sveiflaðist verðið í kringum 2.000 USD/tonn en hefur á undanförunum mánuðum hækkað og hefur nú sveiflast í kringum 2.500 USD/tonn. Álverð hefur þannig hækkað um rúm 25% á fyrstu 6 mánuðum ársins. Þróun álverðs hefur áhrif á tekjur vegna raforkusölu til stóriðju, mat á virði innbyggðra afleiðna orkusölusamninga, uppgjör áhættuvarnarsamninga og gangvirðismat þeirra. Virði innbyggðra afleiðna raforkusölusamninga hækkaði sem nemur 5.462 m.kr. á tímabilinu. Uppgjör og gangvirðisbreytingar áhættuvarnarsamninga námu alls -1.304 m.kr. en þar á meðal eru álvarnarsamningar. Aðrir þættir sem hafa áhrif við mat gangvirðis fjármálagerninga eru gengi, vextir, áhættuálag og tími.

Áhættustýring


Hækkun vaxta felur í sér áhættu í rekstri og efnahag OR. Á undanförunum árum hefur OR fest vexti með nýrri lántöku á föstum vöxtum og með framvirkum samningum til að draga úr áhættu. Myndin sýnir hlutfall heildarskuldbindinga hvers árs sem ber fasta vexti m.v. stöðu 30. júní 2021.

Varnarhlutfall vaxta




Gerðir eru áhættuvarnarsamningar til að verja tekjur af orkusölu til stóriðju fyrir lækkun álverðs. Samningar eru gerðir nokkur misseri fram í tímann. Á myndinni má sjá varnarhlutföll álverðstengdra tekna þann 30. júní 2021.

Álvarnarhlutföll



Gjaldeyrisáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og tekna hjá ON Power ohf., en raforkusala þess félags er í bandaríkjadöllum og evrum. Framvirkir samningar eru gerðir til að draga úr áhættu af óhagstæðri gengisþróun, með því eru mörk sett á hugsanlegt misvægi í rekstri og efnahag. Myndin áætlað gjaldeyrisstreymi, stuðst er við dagsloka gengi Seðlabanka Íslands 30.6.2021.

Gjaldeyrisflæði ma.kr.



Neðangreind tafla sýnir upphæðir tekna, kostnaðar og afborgana lána í erlendri mynt.

	Raun 2021H1	Raun 2020H1	Mism.	%
Tekjur í erlendri mynt	4.016	3.315	701	21,1%
Kostnaður í erlendri mynt	917	873	44	5,0%
Afborganir í erlendri mynt	4.228	4.523	-295	-6,5%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Grunnrekstur OR (EBITDA) hækkar á milli sama tímabils í fyrra um 2.484 m.kr. eða um 17,3%. Hækkunina má að mestu rekja til þess að rekstrartekjur hækkuðu um 1.751 m.kr. vegna hækkandi álverðs og aukinnar notkunar á heitu vatni auk þess hefur tekist að lækka rekstrarkostnað um 733 m.kr.
- Rekstarniðurstaðan batnar mjög á milli tímabilinu og er jákvæð uppá 8.830 m.kr og hækkar um 9.730 m.kr frá sama tímabili í fyrra. Hækkað álverð vegur þar þyngst.
- Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld voru jákvæð um 2.262 m.kr sem er 14.024 m.kr breyting frá sama tímabili 2020.
- Eignir OR jukust um 1 ma.kr. á árinu eða um 0,3%. Vaxtaberandi skuldir lækkuðu úr 171,7 ma.kr í 168,7 ma.kr. eða um 1,8%. Lækkun skulda má að rekja til uppgreiðslu á lánum og jákvæðra áhrifa af hækkun álverðs. Eiginfjárlutfall OR hækkaði á tímabilinu í 49,4% úr 47,7%.
- Handbært fé frá rekstri er um 14,6 ma.kr. og hækkar frá sama tímabili um 2,1 ma.kr. Góð staða handbærs fjár frá rekstri gerir OR kleift að standa undir háum afborgunum.
- Veltufjárlutfallið er 1,7 sem er yfir markmiði (1,0). Aðrar kennitölur fyrirtækisins eru yfir markmiðum arðgreiðsluskilyrða.
- Gjaldeyrísáhætta OR er einkum vegna erlendra lána og einnig tekna hjá ON Power. Frá og með árinu 2023 til 2026 er sjóðstreymi í erlendum gjaldeyri neikvætt. Nemur uppsafnað nettó útfærði gjaldeyris yfir tímabilið 2021-2026 rúmum 6,8 ma.kr.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsvið:

- Framlegð fyrirtækisins (EBITDA / rekstrartekjur) er um 64,9% og hefur styrkst um 5,6% miðað við sama tímabil í fyrra. Mikilvægt er að framlegð reksturs OR haldist stöðug og góð þar sem fyrirtækið er viðkvæmt vegna ytri þátta; vaxta, gengis og álverðs.
- Lán sem hafa eigendaábyrgð nema um 72,1 ma.kr. en bein ábyrgð borgarsjóðs á þeim er um 67,5 ma.kr. Mikilvægt er að gera aðgerðaáætlun um hvernig þessum ábyrgðum verði mætt ef á reynir.
- Fjármála- og áhættustýringarsvið telur brýnt fyrir borgarsjóð að skilgreint sé þak á erlendar skuldir fyrirtækisins til lengri tíma, t.d. með hliðsjón af tekjum, framlegð, greiðslufærði í erlendum myntum eða jafnvægi í efnahag og að sett séu skýr markmið um aðlögun að slíku markmiði. Um leið getur verið ástæða til að skerpa á áskilnaði eigendastefnu um að framkvæmdir séu almennt fjármagnaðar í sama gjaldmiði og tekjur sem af þeim hljóttast.


Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs. (m.kr.)	Raun 2021_06	Áætlun 2021_06	Breyting	%	Raun 2020_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.921	1.846	75	4%	1.581	340	21%
Rekstrargjöld	-1.799	-1.800	1	0%	-1.682	-116	7%
EBITDA	183	110	72	65%	-40	222	-558%
EBIT	122	46	76	166%	-102	223	-220%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-8	-7	-1	17%	-6	-2	41%
Óreglulegir liðir (tekjur)	129	0	129	n/a	0	129	n/a
Rekstrarniðurstaða	243	39	204	525%	-108	350	-326%

Rekstrarniðurstaða: Niðurstaða tímabilsins er jákvæð um 243 m.kr. sem er mun betri afkoma en áætlað var, en gert ráð fyrir um 39 m.kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu fyrir tímabilið. Megin skýring má rekja til samkomulags SHS og Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) um endurgreiðslu á kostnaði sem féll til vegna Covid-19 á árinu 2020 og vegna fyrsta ársfjórðung 2021, samtals um 129 m.kr.

Eins og kom fram í greinargerð með ársuppgjöri 2020, var sett fram krafa á hendur SÍ um að SÍ endurgreiddi SHS hluta af þeim viðbótarkostnaði sem SHS varð fyrir 2020 vegna aðgerða sem farið var í til að tryggja örugga sjúkraflutninga vegna Covid-19 faraldursins. Í maí á þessu ári var gengið frá samkomulagi á milli SÍ og SHS um endurgreiðslu á hluta af Covid-19 kostnaði 2020 og í júní sl. var síðan samskonar samkomulag undirritað vegna kostnaðar sem féll til á fyrsta ársfjórðung 2021.

Mikið álag hefur verið í sjúkraflutningum það sem af er ári og eru tekjur af sjúkraflutningum vegna þess hærri en áætlun gerði ráð fyrir eða rúmlega 67 m.kr. eftir fyrstu sex mánuði ársins.




Rekstrartekjur:

Tekjur (m.kr.)	Raun 2021_06	Áætlun 2021_06	Breyting	%	Raun 2020_06	Mism.	%
Framlag eigenda til rekstrar	991	991	0	0%	802	188	23%
Framlag eigenda í fjárfestingasjóð	62	62	0	0%	48	14	29%
Framlag eigenda til almannavarnanefndar	10	10	0	0%	10	1	5%
Ríkissjóður vegna sjúkraflutninga	752	684	67	10%	627	125	20%
Aðrar sértekjur og óreglulegir tekjuliðir	180	44	137	313%	35	145	415%
Húsaleigutekjur	55	55	0	0%	59	-4	-6%
	2.050	1.846	204	11%	1.581	469	30%

Heildartekjur fyrstu sex mánuði ársins eru um 204 m.kr. (11%) hærri en gert var ráð fyrir í áætlun tímabilsins, þar vegur þýngst aðrar sértekjur sem eru um 137 m.kr. hærri en gert var ráð fyrir, sem kemur að stærstum hluta til vegna endurgreiðsla SÍ á útlögðum kostnaði SHS vegna Covid-19 (eingreiðsla), samtals 129 m.kr.

Jafnframt eru tekjur vegna sjúkraflutninga um 10% hærri en gert var ráð fyrir á tímabilinu, sem er tilkomið vegna 23% fleiri flutninga en á sama tíma 2020. Heildarfjöldi útkalla vegna sjúkraflutninga frá byrjun janúar til júní loka 2021 eru 18.990, þar af eru um 1.416 Covid-19 flutningar eða um 9%.



Rekstrargjöld:

Gjöld (m.kr.)	Raun 2021_06	Áætlun 2021_06	Mism.	%	Raun 2020_06	Mism.	%
Launakostnaður	1.479	1.466	13	1%	1.363	116	9%
Annar rekstrarkostnaður	259	269	-11	-4%	258	1	0%
Afskriftir	61	65	-4	-6%	62	-1	-2%
	1.799	1.800	-1	0%	1.682	116	7%

Heildarrekstrarkostnaður fyrstu sex mánuði ársins er í takt við áætlun tímabilsins.

Launakostnaður tímabilsins er um 1.479 m.kr. sem er heldur hærri en gert var ráð fyrir eða um 1%. Til mæta auknu álagi í sjúkraflutningum hefur mönnun á vaktir hjá varðliðinu verið aukin og því má gera ráð fyrir að heildarlaunakostnaður ársins verði eitthvað hærri en áætlun ársins gerði ráð fyrir.

Annar rekstrarkostnaður tímabilsins er um 11 m.kr. (4%) lægri en áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.




Efnahagur:


Efnahagur (m.kr.)	30.6.2021	31.12.2020	Breyting	%
Fastafjármunir	2.306	2.207	-45	-2%
Veltufjármunir án handb.fjár	191	38	-92	-80%
Handbært fé	550	233	-1	0%
Eignir samtals	3.047	2.478	-137	-5%
Eigið fé	2.275	2.032	-108	-5%
Langtímaskuldir	202	204	-3	-2%
Næsta árs afborganir langt. skulda	14	13	0	3%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	556	474	-27	-6%
Skuldir samtals	772	691	-29	-5%
Skuldir og eigið fé samtals	3.047	2.723	-137	-5%

Eiginfjárlutfall SHS í lok tímabilsins er um 75%, sem er sambærilegt og það var í lok árs 2020. Eina langtímaskuld samstæðunnar er við Lánasjóð sveitarfélaga vegna láns sem tekið var vegna byggingar slökkvistöðvarinnar við Skarhólabraut í Mosfellsbæ.

Stjórn SHS hefur samþykkt að slökkvistöðin við Tunguháls verði seld og fundin hentugri staðsetning fyrir nýja slökkvistöð. Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvar ný slökkvistöð verður staðsett, en vonir standa til að það verði gert á þessu ári og byggingaframkvæmdir geti mögulega hafist á næsta ári. Ekki er búið að ákveða hvort þær framkvæmdir verði fjármagnaðar með lántökum eða framlagi frá eigendum, þ.e. aðildarsveitarfélögum SHS.




Sjóðstreymi:



Handbært fé í lok tímabilsins er 550 m.kr. og hefur hækkað um 317 m.kr. á tímabilinu. Fjárfestingar ársins eru samtals upp á um 18,4 m.kr., þar vegur þyngst búnaður fyrir varðliðið 10,4 m.kr. og uppfærsla á diskasamstæðu í tölvuveri 4,1 m.kr. Í samþykktari fjárhagsáætlun 2021 er gert ráð fyrir að fjárfest verði í varanlegum rekstrarfjármunum fyrir um 123 m.kr.

Ljóst er að ekki verður gengið frá kaupum á nýrri körfubifreið í ár eins og til stóð, en í brunavarnaáætlun var gert ráð fyrir kaupum á tveimur nýjum körfubifreiðum á tímabilinu 2020-2022. Í ljósi stöðunnar er gert ráð fyrir að bjóða út kaup á tveimur nýjum dælu/körfubifreiðum sem yrðu þá afhentar og greiddar árið 2022. Áætlaður heildarkostnaður er um 280 m.kr., sem er gert ráð fyrir að verði fjármagnaðar með handbæru fé.





Fjöldi útkalla:

Fyrstu sex mánuðir ársins var farið í tæplega 19 þúsund útköll vegna sjúkraflutninga sem er um 23% fleiri útköll en á sama tímabili 2020, þar af eru ríflega 1,4 þúsund í tengslum Covid-19. Ef Covid-19 útköll eru undanskildir er aukning milli ára um 17%, engin ein skýring er á þessari fjölgun, annað en mikið álag er á heilbrigðiskerfið í heild, þar sem aukningin dreifist nokkuð jafnt á milli allra forgangsflokka flutninga.

Á fyrri hluta árs 2020 fækkaði útköllum vegna sjúkraflutninga um 5,1% miðað við sama tímabil 2019, engin ein skýring er heldur á þessari fækkun, en mest er þó fækkunin í milli spítalaflutningum.

Gert er ráð fyrir áframhaldandi fjölgun sjúkraflutninga á næstu árum, þar sem þættir eins og íbúafjölgun og aldur landsmanna styðja þá tilgátu. Fjöldi útkalla hjá slökkviliðinu sveiflast meira milli ára og eru ástæður þess m.a. mismargir sinueldar og óveðursútköll milli ára.

Samningur SHS við Sjúkratryggingar Íslands sem undirritaður var í október 2014 er laus. Samningurinn var til sex ára eða til ársloka 2020. Samningur hefur nú verið framlengdur í tvígang um sex mánuði í senn og rennur út um næstu áramót. Viðræður um nýjan samning standa nú yfir.



Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SHS samstæðunnar tímabilið janúar-júní árin 2017- 2021:

SHS - samstæða	2017_06	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06
Eiginfjárhlutfall	75,5%	79,8%	81,3%	77,1%	74,7%
Arðsemi eigin fjár	49,4%	16,2%	26,4%	-9,6%	23,9%
Veltufjárhlutfall	1,84	2,08	2,56	0,92	1,30
Langtímaskuldir/eigið fé	10,7%	9,9%	8,9%	9,7%	8,9%
Uppgreiðslutími	0,3	0,6	0,3	n/a	0,3
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	33,4%	14,2%	20,8%	-2,7%	16,1%
Framlegð (EBITDA)/rekstrartekjur	17,4%	13,9%	19,2%	-2,5%	9,5%


Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjörs reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SHS:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri SHS	Raun 2021_06	Áætlun 2021_06	Breyting	%	Raun 2020_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.083	1.041	42	4%	891	193	22%
Rekstrargjöld	-1.015	-1.015	1	0%	-948	-67	7%
EBITDA	103	62	41	65%	-22	125	-559%
EBIT	69	26	43	166%	-57	126	-220%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-5	-4	-1	17%	-3	-1	41%
Óreglulegir liðir (tekjur)	73	0	73	n/a	0	73	n/a
Rekstrarniðurstaða	137	22	115	525%	-61	198	-326%

- Rekstrarniðurstaðan er 204 m.kr betri en áætlun gerði ráð fyrir og munar þar mestu um eingreiðslu frá Sjúkratryggingum Íslands vegna Covid-19 uppá um 129 m.kr.
- Rekstrargjöld eru samkvæmt áætlun.
- Veltufjárhlutfallið er aftur komið yfir æskilegt lágmark sem er 1.
- Kennitölur sína að reksturinn er að taka við sér eftir erfitt ár á undan.

SORPA bs. (m.kr)	Raun 2021_06	Áætlun 2021_06	Breyting	%	Raun 2020_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.211	2.398	-187	-7,8%	1.826	386	21,1%
Rekstrargjöld	-1.988	-2.181	192	-8,8%	-1.733	-256	14,8%
EBITDA	389	430	-40	-9,4%	189	201	106,4%
EBIT	223	217	5	2,5%	93	130	139,5%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	-67	-100	33	-33,2%	-73	6	-8,3%
Rekstrarniðurstaða	156	117	39	33,2%	20	136	680,6%



Rekstrarniðurstaða: Samlagið fór í gegnum skipulagsbreytingar á árinu 2020 og rekstraráætlun félagsins var endurskoðuð. Í framhaldi var ljóst að hækka þurfti verðskrá félagsins og var það gert um síðustu áramót. Hagnaður samlagsins fyrir janúar - júní 2021 var um 156 m.kr. sem er 39 m.kr. betri afkoma en rekstraráætlun gerði ráð fyrir og hækkun um 136 m.kr. frá sama tímabili árið áður. Helstu frávik frá áætlun eru vegna aðhalds í rekstri, lægri fjármagnskostnaðar og lægri afskrifta fastafjármuna. Lítið hefur verið fjárfest á tímabilinu en fjárfestingum hefur verið frestað aftur á seinni hluta ársins. Magn úrgangs hefur farið lækkandi frá árinu 2020 eða um 7,3% í Álfsnesi. Þessi magnminnkun veldur samdrætti í rekstrartekjum

samlagsins og eru tekjur 187 m.kr. lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða 7,8%. Þess ber að geta að rekstur SORPU bs. fylgir hagsveiflum í landinu og nú þegar samdráttur er í efnahagslífinu snertir það afkomu samlagsins. Á móti hefur verið á endurvinnsluefnum hækkað á milli ára en það fylgir alla jafna heimsmarkaðsverði og samningum SORPU bs. við birgja. Samlagið er nú að rétta sig af eftir töluverða lækkun á tekjum á síðasta ári á sama tíma og samlagið var að klára stærsta einstaka verkefni þess sem var bygging Gas- og jarðgerðarstöðvarinnar.

Á sama tíma á árinu 2020 var veltufjárhlutfall félagsins orðið 0,39 og til að tryggja betur rekstrargrundvöll samlagsins greiddu eigendur 500 m.kr. í stofnfjárframlag til samlagsins í byrjun árs 2021. Áfram mun samlagið vinna að aðgerðum til að tryggja betur rekstrargrundvöll þess og er aðhald í rekstrarkostnaði og fjárfestingum liður í því, ásamt niðurgreiðsla á skammtímaskuldum.

Miklar breytingar eru framundan í rekstri samlagsins er snúa að breyttum vinnsluferlum, en samlagið minnkar urðun töluvert á næsta ári og hefur útflutning á brennanlegum úrgangi. Ljóst er að útflutningur er mun kostnaðarsamari leið en að urða og mun sú breyting hafa töluverð áhrif á gjaldskrá samlagsins um næstu áramót. Lífrænir straumar fara í GAJA, þar sem að molta og metangas er framleitt en hreinleiki moltunar er ábótavant og starfshópur um sérsöfnun á lífrænum straumum var stofnaður og vonandi sjáum við árangur af þeirra vinnu á næsta ári. Til þess að fá gæðamoltu úr framleiðslu GAJA þurfa lífrænir straumar sem henni berast að vera hreinni, eins og staðan er í dag er of mikið plast og gler í moltunni. Samlagið hefur unnið markvisst að markaðspróun metans og veruleg eftirspurn er eftir afurðinni í iðnað og stórflutninga.

Magntölur	2017	2018	2019	2020	2021	Breyting 2020-2021
Endurvinnslustöðvar	24.089	25.926	26.287	27.995	27.192	-3,1%
Móttökustöð	52.251	53.130	47.935	45.675	43.778	-4,0%
Álfsnes	94.839	108.681	99.461	89.769	82.522	-7,3%


Heimsóknir	2017	2018	2019	2020	2021	Breyting
Endurvinnslustöðvar	437.531	447.422	457.698	470.757	471.167	0,1%
Móttökustöð	22.501	24.221	23.187	22.969	24.898	8,4%
Álfsnes	6.725	7.613	7.324	7.182	7.014	-2,3%

Magn og umferð á endurvinnslustöðvunum stendur í stað miðað við árið á undan eftir að hafa aukist verulega árin þar á undan. Magn um endurvinnslustöðvarnar á tímabilinu nam um 27.192 tonnum. Endurvinnslustöðvarnar eru misjafnlega í sveit settar er varðar aukið umfang. Stöðin á Dalvegi annar vart núverandi umferð og aðstaðan gæti skapað bæði starfsfólki og

viðskiptavinum hættu. Stöðin í Jafnaseli er komin að þolmörkum. Íbúðabygging hefur sífellt færst nær stöðinni á Ánanaustum og umkvartanir vegna hávaða aukist. Breyting á skipulagi og uppbyggingu Ártúnshöfðans liggur fyrir og stöðin á Sævarhöfða verður flutt upp á Lambhaga. Stöðin í Mosfellsbæ annar umferð nokkuð vel í dag og sama á við um stöðina á Breiðhelli í Hafnarfirði sem annar sínu vel. Samantekt á magntölum og heimsóknarfjölda í móttökustöð Gufunesi, urðunarstað í Álfsnesi og á endurvinnslustöðvarnar má sjá í töflunum hér að ofan.

Rekstrartekjur voru 187 m.kr. undir áætlun eða 7,8% en hækkuðu um 385 m.kr. frá árinu á undan eða um 21,1%


Tekjur eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2021_06	Áætlun 2021_06	Mism.	%	Raun 2020_06	Mism.	%
Móttökugjöld	937	964	-27	-2,8%	748	189	25,2%
Endurvinnsluafurðir	255	395	-140	-35,4%	192	63	32,9%
Endurvinnslustöðvar	812	845	-32	-3,8%	751	62	8,2%
Nytjamaður	195	188	7	3,8%	99	97	97,6%
Aðrar tekjur	11	6	6	95,9%	36	-25	-68,6%
	2.211	2.398	-187	-7,8%	1.826	385	21,1%



Rekstrargjöld voru 192 m.kr. undir áætlun eða 8,8% og lækka um 424 m.kr. frá árinu á undan eða um 17,6%. Helsta breytingin frá áætlun er vegna lægri afskrifta, 46 m.kr. lægri en samlagið hefur frestað fjárfestingum aftur á seinni hluta ársins. Annar rekstrarkostnaður er almennt lægri en áætlun gerði ráð fyrir.

Rekstur endurvinnslustöðva gekk ágætlega á tímabilinu og reyndust tekjur umfram gjöld 66 m.kr. áður en innhús viðskipti eru nettuð út. Tekjur stöðvanna voru 3,8% yfir áætlun en laun og annar rekstrarkostnaður á pari við áætlun. Laun hafa hins vegar hækkað um 13% á milli ára en það stafar af breytingum á kjarasamningum. Rekstur endurvinnslustöðva er gerður upp á núlli sem þýðir að ef að tekjur ársins eru umfram rekstrargjöld er sveitarfélögum endurgreiddur rekstrarafgangur ársins og ef að gjöld eru umfram tekjur að þá eru sveitarfélögin rúkuð um það sem upp á vantar.


Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2021_06	Áætlun 2021_06	Mism.	%	Raun 2020_06	Mism.	%
Móttöku og urðunarkostnaður	1.080	1.264	-184	-14,5%	889	191	21,4%
Endurvinnslustöðvar	424	437	-12	-2,9%	435	-11	-2,5%
Grenndargámar	35	35	0	-0,5%	31	4	14,6%
Nytjamaður	199	175	24	13,5%	115	84	73,4%
Yfirstjórn / sameiginlegt	187	190	-3	-1,6%	145	43	29,5%
Þróunar, tækni, fræðsludeild	61	77	-16	-21,2%	117	-56	-48,2%
Rekstur útleigðs húsnæðis	2	2	0	-4,9%	2	0	10,1%
	1.988	2.181	-192	-8,8%	1.733	255	14,7%




Efnahagur

Efnahagur (m.kr.)	30.6.2021	31.12.2020	Breyting	Breyt %
Fastafjármunir	7.796	7.890	-94	-1%
Veltufjármunir án handb. fjár	533	583	-50	-9%
Handbært fé	102	87	15	17%
Eignir samtals	8.431	8.561	-129	-2%
Eigið fé	4.821	4.165	656	16%
Skuldbindingar	436	430	6	1%
Langtímaskuldir	2.321	2.398	-76	-3%
Næsta árs afborganir langt. skulda	233	229	3	1%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	620	1.338	-718	-54%
Skuldir samtals	3.610	4.395	-785	-18%
Skuldir og eigið fé samtals	8.431	8.561	-129	-2%


Sjóðstreymi



Veltufé



Fjárfestingar



Með nettó fjárfestingu er átt við fjárfestingu í varanlegum rekstrarfjármunum að frádregnum seldum rekstrarfjármunum.

Eignabreytingar 06_2021

Móttökustöðin í Gufunesi: fjárfestingum hefur verið frestað en stöðin þarf að kaupa vélar í náinni framtíð til þess að getað hafið útflutning í byrjun næsta árs.

Urðunarstaðurinn í Álfsnesi: Byggingu GAJA lauk á síðasta ári. Fjárfestingar fyrstu 6 mánuði 2021 hafa verið litlar.

Kennitölur

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** SORPU bs. fyrir tímabilið janúar - júní árin 2017 - 2021:

SORPA bs.	2017_06	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06
Eiginfjárlutfall	70,0%	72,0%	60,9%	45,9%	57,2%
Arðsemi eigin fjár	21,3%	18,1%	1,2%	1,0%	7,5%
Veltufjárlutfall	3,26	2,59	0,95	0,39	0,74
Langtímaskuldir/eigið fé	9,5%	7,9%	23,5%	64,8%	48,1%
Uppgreiðslutími	0,5	0,5	3,4	9,7	3,5
Heildarskuldir/rekstartekjum	29,0%	26,8%	58,1%	123,6%	81,6%
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	17,5%	16,1%	7,4%	7,7%	16,4%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	17,6%	16,3%	8,1%	10,3%	17,6%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjors reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarhlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri SORPU:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri SORPU bs.	Raun 2021_06	Áætlun 2021_06	Breyting	%	Raun 2020_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	1.247	1.353	-105	-7,8%	1.029	219	21,3%
Rekstrargjöld	-1.122	-1.230	108	-8,8%	-976	-145	14,9%
EBITDA	220	242	-23	-9,4%	106	113	106,7%
EBIT	126	123	3	2,5%	52	73	139,7%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-38	-57	19	-33,2%	-41	3	-8,2%
Rekstrarniðurstaða	88	66	22	33,2%	11	77	681,5%


- Hagnaður var á rekstri félagsins fyrstu 6 mánuði ársins 2021 um 156 m.kr. sem er 117 m.kr. betri afkoma en áætlun gerði ráð fyrir. Hagnaðurinn skýrist af mestu af hækkun á gjaldskrá um síðustu áramót, aðhaldi í bæði rekstrarkostnaði og fjárfestingum og niðurgreiðslu á skammtímalánum.
- Framundan eru stór verkefni sem fylgja því að hætta að urða og hefja útflutning með tilheyrandi kostnaði.
- Samlagið hefur nú greitt niður þau skammtímalán sem tekin voru í síðasta ári til þess að standa undir fjárfestingum og fjármagnsgjöld á tímabilinu eru að fjárhæð 67 m.kr. eða 33% lægri en áætlun geri ráð fyrir. Eftirstöðvar langtímalána samlagsins eru nú 2.321 m.kr.
- Kennitölur félagsins eru allar að breytast í rétta átt. Veltufjárlutfall er nú 0,74 miðað við 0,39 árið á undan, en er engu að síður undir 1.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Endurskipulagning á árinu 2020 er farin að skila sér í bættri afkomu á árinu 2021. Rekstur félagsins þarf að standa undir fjárfestingum og lántökum sem þeim tengjast.
- Félagið mun hefja útflutning á úrgangi til orkuvinnslu árið 2022 og hætta urðun í Álfsnesi að fullu fyrir lok ársins 2023. Þessum breytingum fylgir óvissa og kostnaður sem mikilvægt er að gjaldskrár félagsins endurspegli. Þrátt fyrir að SORPA hætti urðun í Álfsnesi og hefji útflutning á efni til brennslu að þá þarf að tryggja aðgang SORPU að urðunarstað eftir lokun.
- Mikilvægt að hraða undirbúningi að framtíðarlausnum varðandi brennslu úrgangs og tryggja að ríkisvaldið komi að fjármögnun þeirra verkefna.
- Aukinn agi og samræmi í flokkun og meðferð úrgangs í öllum sveitarfélögum myndi auka skilvirki hjá SORPU og lækka tilkostnað sem kæmi eigendum til góða.
- Færsla endurvinnslustöðvarinnar á Sævarhöfða og breytingar á öðrum endurvinnslustöðvum sem eru komnar að þolmörkum kalla á töluverðar fjárfestingar á árunum 2022-2025. Fjárfesting í endurvinnslustöðvum færir beint á kostnað sveitarfélaganna.

Strætó bs. (m.kr.)	Raun 2021_06	Áætlun 2021_06	Breyting	%	Raun 2020_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	4.110	4.814	-704	-15%	4.068	42	1%
Rekstrargjöld	-4.316	-4.703	386	-8%	-4.246	-70	2%
EBITDA	-91	239	-330	-138%	-51	-39	77%
EBIT	-207	111	-318	-286%	-178	-28	16%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-39	-31	-8	24%	-32	-7	21%
Rekstrarniðurstaða	-245	80	-214	-267%	-210	-35	17%


Rekstrarniðurstaða fyrstu sex mánuði ársins var neikvæð um 245 m.kr. en gert var ráð fyrir að hún yrði jákvæð um 80 m.kr. samkvæmt áætlun ársins. Frávik skýrist að stærstum hluta af framlagi frá ríkinu sem var helmingi lægra en samþykkt áætlun gerði ráð fyrir. Afkoma tímabilsins var 35 m.kr. lakari en tímabilið á undan.



Rekstrartekjur voru 42 m.kr. hærri en tímabilið á undan og 704 m.kr. lægri en áætlun sem skýrist af lægra framlagi frá ríkinu. Fargjaldatekjur fyrstu sex mánuði ársins voru nánast á pari við tímabilið á undan og 10% undir áætlun. Heimsfaraldur hefði mikil áhrif á fargjaldatekjur Strætó stóran hluta síðasta árs, en virðist vera að rétta hægt úr sér. Áætlun ársins gerði ráð fyrir að starfsemi í þjófútláginu væri komin í eðlilegt horf. Rekstrarframlög eignaraðila samantanda af sérstökum framlögum sem innheimt eru á grundvelli fjárhagsáætlunar. Því til viðbótar niðurgreiða eigendur ferðir aldraðra, öryrkja og nema, sem fært er undir fargjöld. Rekstrarframlag eignaraðila jókst um 6% milli ára sem skýrist að stærstum hluta af hækkun verðlags. Ríkisframlag er byggt á samningi frá 2012 um aukinn hlut almenningsamganga í ferðum á höfuðborgarsvæðinu, auknu umferðaröryggi og umhverfisvernd. Samningurinn er til 2022 og felur í sér mánaðarleg framlög af hálfu ríkissjóðs.

Tekjur eftir starfspáttum (í m.kr.)	Raun 2021_6	Áætlun	Mism.	%	Raun 2020_6	Mism.	%
Fargjöld - strætó	829	921	-92	-10,0%	840	-11	-1,3%
Rekstrarframlög eigenda	2.029	2.029	0	0,0%	1.913	116	6,1%
Ríkisframlag	453	900	-447	-49,7%	450	3	0,7%
Pant akstursþjónusta	653	832	-178	-21,5%	768	-115	-14,9%
Aðrar tekjur	145	131	14	10,3%	97	48	49,7%
	4.110	4.814	-704	-14,6%	4.068	42	1,0%


í m.kr. Skipting rekstrartekna eftir starfsþáttum




Allur beinn kostnaður við Pant akstursþjónustu umfram fargjöld notanda er greiddur af sveitarfélögum sem eru hluti af samningi um sameiginlega akstursþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu. Pant akstursþjónustan dróst saman um 15% sem rekja má að mestu til heimsfaraldurs. Aðrar tekjur eru að stærstum hluta þóknar til Strætó vegna Pant akstursþjónustu og aksturs á landsbyggðinni. Aðrar tekjur jukust um 50% milli ára sem skýrist af nýju samkomulagi sem gert var við sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu að Hafnarfirði undanskildum, vegna Pant akstursþjónustu.

Fargjaldatekjur farþega standa undir um 23% af almennum rekstrarkostnaði Strætó á höfuðborgarsvæðinu (2019: 25%). Í eigendastefnu Strætó er kveðið á um að stefnt skuli á að hlutfallið sé um 40%, og vinnur Strætó að því að fargjaldatekjur standi undir 40% af almennum rekstrarkostnaði.

Farþegafjöldi - uppsafnað



Farþegafjöldi - mánuðir




Myndirnar hér fyrir ofan sýna annarsvegar uppsafnaðan farþegafjölda fyrstu sex mánuði 2021 og 2020 og hins vegar farþegafjölda hvers mánaðar 2018 til 2021.

Farþegafjöldi fyrstu sex mánuði ársins voru 4,5 milljónir en voru 4,8 milljónir tímabilið á undan, eða fækkun um 6%. Áætlun gerði ráð fyrir 4,6 milljónum farþega. Farþegum hefur fjölgað nokkuð síðustu mánuði en nokkuð er í það að farþegafjöldi verði sá sami og fyrir heimsfaraldur.

Rekstrargjöld eru undir áætlun og þar munar mest um Pant akstursþjónustu, sem var um 22% lægri en gert var ráð fyrir í áætlun, sem skýrist að stærstum hluta af heimsfaraldri. Á tímabilinu jókst kostnaður verktaka Strætó um 16% sem skýrist að stærstum hluta af hækkun verðlags en greiðslur til verktaka breytast í takt við breytingar á verðlagi, þ.e. breytingu á launa-, olíu- og neysluvísitölu.

Gjöld eftir starfsþáttum (í m.kr.)	Raun 2021_6	Áætlun	Mism.	%	Raun 2020_6	Mism.	%
Eigin akstur strætó	1.575	1.709	-134	-7,9%	1.582	-8	-0,5%
Akstur verktaka - strætó	1.598	1.606	-8	-0,5%	1.380	218	15,8%
Pant akstursþjónusta	653	832	-178	-21,5%	768	-115	-14,9%
Skrifstofu- og stjórnunark.	374	428	-54	-12,6%	389	-15	-3,8%
Afskriftir	116	128	-12	-9,2%	127	-11	-9,0%
Samtals	4.316	4.703	-386	-8,2%	4.246	70	1,6%



Skrifstofu og stjórnunarkostnaður er lægri en áætlun gerði ráð fyrir eða um 13% og vegur um 9% af heildarrekstrarkostnaði Strætó sem er sama hlutfall og árið á undan (2020: 9%). Eigin akstur er um 36% af heildargjöldum og akstur verktaka um 37%.


Efnahagur

Eigið fé í lok tímabils nam 1.038 m.kr. samkvæmt efnahagsreikningi og var eiginfjárlutfallið 33%, en var 40% 2020. Fjárfestingar Strætó námu 52 m.kr. á tímabilinu og eru helst tilkomnar vegna þróunar nýs greiðslukerfis. Auk þess eru fjárfestingar í innréttingum, áhöldum og tækjum sem nema um 22 m.kr. Meðal fastafjármuna er framlag til Brúar lífeyrissjóðs frá árinu 2017 sem dreift er á 20-30 ár í samræmi við leiðbeiningar frá reikningskilanefnd sveitarfélagana. Í árslok voru eftirstöðvar framlags til Brúar lífeyrissjóðs 670 m.kr. Þegar sá hluti sem kemur til gjaldfærslu á árinu 2021 hefur verið dregin frá.


Efnahagur (m.kr.)	30.6.2021	31.12.2020	Breyting	%
Fastafjármunir	2.377	2.433	-57	-2,3%
Veltufjármunir án handb.fjár	442	407	35	8,7%
Handbært fé	338	377	-39	-10,3%
Eignir samtals	3.157	3.217	-60	-1,9%
Eigið fé	1.038	1.283	-245	-19,1%
Langtímaskuldir	1.003	998	5	0,5%
Næsta árs afborganir langt. skulda	40	39	1	3,1%
Skammtímaskuldir án næsta árs afb.	1.077	898	179	20,0%
Skuldir samtals	2.119	1.934	185	9,6%
Skuldir og eigið fé samtals	3.157	3.217	-60	-1,9%

Sjóðstreymi

Handbært fé nam 337,9 m.kr. í lok tímabils en var 376,5 m.kr. í upphafi árs. Ef tekið er mið af útistandandi kröfum á eigendur og aðra viðskiptavinum hefur lausafjárstaðan þó dregist saman um 45,5 m.kr. milli tímabila, nam 605,6 m.kr. í árslok 2020 en nam 560,1 m.kr. í lok tímabilsins.




Eignabreytingar



Af heildarvagnafloata Strætó eru um 86 vagnar í daglegri notkun og þar af eru um þriðjungur 12 ára og eldri og eru því í raun komnir yfir eðlilegan líftíma. Gert var ráð fyrir að fjárfesta fyrir 540 m.kr. í nýjum vögnum á árinu 2020, en þeirri fjárfestingu var frestað vegna heimsfaraldurs. Á fyrstu sex mánuðum 2021 var ekki fjárfest í nýjum vögnum. En fest hefur verið kaup á tveimur nýjum metan strætisvögnum sem afhentir verða í haust.

Fjárfestingar námu 52 m.kr. á fyrstu sex mánuðum ársins, þar af var 30 m.kr. vegna þróunar nýs greiðslukerfis sem tekið verður í notkun á seinni hluta árs 2021. Aðrar fjárfestingar voru í innréttingum, áhöldum og tækjum upp á 22 m.kr.



Veltufé frá rekstri gefur vísbendingu um hversu hátt hlutfall af rekstrartekjum er til ráðstöfunar til afborgana skulda, skuldbindinga og til fjárfestinga. Því hærra sem þetta hlutfall er því meira er geta félagsins til vaxtar og viðhalds eigna. Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum er neikvætt um 2,5% í lok tímabils en var -1,7% í lok fyrra tímabils.

Vakin er athygli á dómsmálum á hendur Strætó vegna útboðs á akstri á höfuðborgarsvæðinu árið 2010, en málið tapaðist fyrir Hæstarétti 2017, en eftir er að fá niðurstöður um skaðabótaupphæð sem Strætó þarf að greiða. Gjaldfærð hefur verið varúðarfærsla vegna þessa máls. Í febrúar 2019, barst Strætó bs., stefnur frá tveimur rammasamningshöfum Akstursþjónustu fatlaðra og aldraðra. Þeir höfðu kært Strætó til kærunefndar útboðsmála þar sem þeir telja að á þeim hafi verið brotið við framkvæmd Akstursþjónustunnar. Strætó hefur brugðist við með því að fela lögmanni sínum um að taka til varna

Eftirfarandi tafla dregur saman **kennitölur** Strætó fyrir janúar til júní árin 2017-2021:

Strætó	2017_06	2018_06	2019_06	2020_06	2021_06
Eiginfjárlutfall	69,3%	47,6%	46%	43%	33%
Arðsemi eigin fjár	11,9%	-13,4%	-12,4%	-24,2%	-38,2%
Veltufjárlutfall	1,63	1,08	1,06	1,04	0,70
Langtímaskuldir/eigið fé	0,0%	56,0%	60,5%	66,1%	96,6%
Uppgreiðslutími	0	n/a	10	n/a	n/a
Heildarskuldir/rekstartekjum	11,7%	24,4%	23,0%	24,5%	25,8%
Veltufé frá rekstri / rekstrartekjur	5,6%	-0,2%	1,2%	-1,7%	-2,5%
Framlegð (EBITDA) / rekstrartekjur	5,2%	-0,2%	1,3%	-1,3%	-2,2%

Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vegna nýrra uppgjors reglna um byggðarsamlög og sameignarfélög er einungis ábyrgðarlutfall borgarinnar tekið inn í uppgjör samstæðu Reykjavíkurborgar en ekki allt félagið eins og verið hefur. Meðfylgjandi tafla sýnir hlut borgarinnar í rekstri Strætó:

Hlutur Reykjavíkurborgar í rekstri Strætó	Raun 2021_06	Áætlun 2021_06	Breyting	%	Raun 2020_06	Breyting	%
Rekstrartekjur	2.318	2.715	-397	-15%	2.292	26	1%
Rekstrargjöld	-2.434	-2.652	218	-8%	-2.392	-42	2%
EBITDA	-51	135	-186	-138%	-29	-22	77%
EBIT	-116	63	-179	-286%	-101	-16	16%
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)	-22	-17	-4	24%	-18	-4	21%
Rekstrarniðurstaða	-138	45	-121	-267%	-118	-20	17%

- Tap af rekstri nam 245 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir 80 m.kr. afgangi. Þessi mikli munur skýrist af væntingum fyrirtækisins um auknið rekstrarframlag frá ríkinu vegna áhrifa heimsfaraldurs Covid-19 á reksturinn. Ríkið hefur aðeins veitt Strætó sérstakan styrk vegna heimsfaraldurs upp á 120 m.kr sem tekjufærður var í júlí 2021.
- Farþegafjöldi dróst verulega saman milli áranna 2020 og 2019 eða um 27%. En ef skoðað er fyrstu sex mánuðir ársins samanborið við sama tímabil fyrra árs þá dróst farþegafjöldi saman um 6%. Fargjaldtekjur farþega stóðu undir 23% tekna Strætó en eigendastefna gerir ráð fyrir 40%.

Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Veltufjárlutfallið er komið niður í 0,7 en æskilegt lágmark er 1. Kennitalan lýsir hæfni til að inna af hendi nauðsynlegar greiðslur á árinu og er því getan skert án aðgerða.
- Allar kennitölur hafa versnað á milli tímabila vegna Covid-19 og lýsir erfiðri stöðu félagsins. Mikilvægt er að fylgjast með þróun tekna næstu mánaða og grípa til aðgerða ef tekjurnar reynast undir áætlun.

Viðauki: Nánar um B-hluta fyrirtæki

Fyrirtæki í B-hluta eru afar mismunandi hvað varðar þjónustuhlutverk, rekstrarform, rekstrarumfang og fjárhagslega stöðu og styrk. Í meðfylgjandi greinargerð um B-hluta fyrirtækin er reynt í stuttu máli að varpa ljósi á rekstur, afkomu og fjárhagslega stöðu. Í þessu sambandi blasir við hvað B-hluta fyrirtækin hafa flest fjarlægst hratt borgarráð og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar og þekking og innsýn í rekstur þeirra og fjárhagsstöðu fer að sama skapi dvínandi. Samtímis er ljóst að Reykjavíkurborg ber ýmist beina eða óbeina ábyrgð á þessum fyrirtækjum og þjónustuhlutverkum þeirra og afkoma fyrirtækjanna getur haft afdrifarík áhrif á stöðu A-hluta borgarsjóðs.

Byggðasamlögin, Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins, Sorpa og Strætó, eru samrekstrarfélög sveitarfélaga sem hvert um sig ber fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum. Í þessu ljósi er mikilvægt að ákvarðanir um fjárhagsskipan og fjárfestingar séu teknar með virkri aðkomu borgarráðs og hlutaðeigandi bæjarráða. Þá er einnig æskilegt að hlutaðeigandi sveitarfélög fjármagni sjálf aukin framlög eigenda vegna rekstrar eða fjárfestinga byggðasamlaga fremur en að fyrirtækin safni upp skuldum. Ennfremur ættu þau að gera upp lífeyrisskuldbindingar með samtímagreiðslum.

Félagsbústaðir er hlutafélag í 100% eigu Reykjavíkurborgar sem var stofnað 8. apríl 1997 um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis sem félagslegs úrræðis á ábyrgð eigandans. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn á grundvelli gangverðs eigna enda er fyrirtækið á skuldabréfamarkaði í kauphöll. Í árslok 2020 áttu Félagsbústaðir 2.904 íbúðareiningar. Þar af voru 2.134 almennar leiguíbúðir víðs vegar um borgina, 366 þjónustuíbúðir fyrir aldraða, 358 íbúðir í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlaða einstaklinga og 46 íbúðaeiningar fyrir heimilislausa.

Fyrirtækið **Faxaflóahafnir** er rekið sem sameignarfélag Reykjavíkurborgar, Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps og Borgarfjarðarsveitar og er eignarhlutur borgarsjóðs 75,5551%. Í þessu rekstrarformi felst að eigendur bera sameiginlega ábyrgð á rekstrinum. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið á og rekur fjórar hafnir, Reykjavíkurhöfn, Grundartangahöfn, Akraneshöfn og Borgarneshöfn.

Malbikunarstöðin Höfði hf. er 99% í eigu Borgarsjóðs Reykjavíkur og 1% í eigu Aflvaka hf. en við stofnun fyrirtækisins á árinu 1996 sameinuðust tvö borgarfyrirtæki, Malbikunarstöð Reykjavíkurborgar og Grjótnám Reykjavíkurborgar, í eitt hlutafélag. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga. Malbiksmarkaður er að mestu í höndum tveggja fyrirtækja, Höfða og Hlaðbæjar Colas sem er í erlendri eigu.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki. Við stofnun þess árið 1999 samanstóð fyrirtækið af Rafmagnsveitu Reykjavíkur, Hitaveitu Reykjavíkur, Vatnsveitu Reykjavíkur, Akranesveitu, Andakílsárvirkjun og Hitaveitu Borgarness. Starfssvæði Orkuveitu Reykjavíkur hefur stækkað umtalsvert og þjónustusvæðið nær nú til Suður- og Vesturlands auk höfuðborgarsvæðisins. Orkuveita Reykjavíkur sem er langstærsta fyrirtækið í B-hluta borgarinnar og stórfyrirtæki á landsvísi, er rekið sem sameignarfyrirtæki samkvæmt sérstökum lögum. Eigendur auk borgarinnar sem á 93,539% hlut eru Akraneskaupstaður og Borgarbyggð. Reikningsskilaaðferðir samkvæmt alþjóðlegum stöðlum (IFRS) voru teknar upp við gerð ársreiknings 2007.

Þann 1. janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skylt að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Þá tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfarið í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Veitubjónustan verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu. Í móðurfélagi breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameignleg stoðþjónusta við dótturfélög s.s. fjármál, gæða, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

Íþrótt- og sýningarhöllin hf. er sjálfstætt fyrirtæki í 50% eigu borgarinnar og að jafnstórum hlut í eigu Samtaka iðnaðarins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Fyrirtækið gerir upp ársreikning sinn samkvæmt lögum um ársreikninga.

Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er byggðasamlag sem sinnir slökkvistarfi, sjúkraflutningum, forvörnum, almannavörnum og öðrum verkefnum sem stjórn SHS ákveður hverju sinni og varða velferð íbúa, enda falli þau að tilgangi SHS og séu ekki falin öðrum til úrlausnar í lögum. Stofnendur og eigendur SHS eru sex sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu: Reykjavíkurborg, Kópavogsbær, Hafnarfjarðarbær, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarneskaupstaður. Slökkvilið höfuðborgarsvæðisins bs er í 60,8% eigu borgarsjóðs. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.

Sorpa bs er 59% í eigu Reykjavíkurborgar sem á það með nágrannasveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn. Sorpa annast urðun og meðferð sorps og rekur endurvinnslustöðvar.

Strætó bs er byggðasamlag í eigu Reykjavíkurborgar og nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Eignarhlutur borgarsjóðs er 60,3%. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn og annast almenningsmengingur á höfuðborgarsvæðinu.

Aflvaki er hlutafélag í 95,7% eigu Reykjavíkurborgar og fyrirtækja í samstæðu hennar. Fyrirtækið var ekki í rekstri á árinu 2021.

Þjóðarleikvangur ehf er hlutafélag í 50% eigu Reykjavíkurborgar á móti ríki og KSÍ, stofnað 12. júní 2019. Tilgangur þess er að undirbúa byggingu þjóðarleikvangs í Laugardal. Félagið stendur fyrir þarfagreiningu og verkefnaskipulagi við undirbúning og framkvæmd verkefnisins. Fyrirtækið hefur sérstaka stjórn.